

Leslisti vegna fyrirhugaðs hæfismats – Rekstrarfélög verðbréfasjóða

Hæfismatinu er skipt í þrjú hluta, A, B og C hluta. A hluti varðar lög og reglur á fjármálamarkaði, B hluti varðar reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði og C hluti inniheldur almenna viðskiptalega og stjórnunarlega efnisþætti. Heimilt er að hafa eintök laga, reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla meðferðis og styðjast við minnisatriði eftir því sem við á. Óheimilt er þó að lesa upp svör við þeim atriðum sem nefnd verða.

A hluti: Lög og reglur á fjármálamarkaði

Í A hluta er leitað eftir þekkingu viðmælanda á starfsemi fjármálafyrirtækja almennt og starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða sérstaklega ásamt þekkingu á starfsemi viðkomandi félags sem viðmælandi veitir forstöðu. Ætlast er til að viðmælandi hafi víðtæka þekkingu á lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Viðmælandi þarf einnig að hafa góða þekkingu á öðrum lögum sem tengjast starfsemi rekstrarfélaga m.a. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og eftir atvikum lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

I.Eftirfarandi eru þær réttarheimildir sem spurningar A hluta byggjast á:

Lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði

- Reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf
- Reglugerð nr. 925/2009 um heimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til að stunda starfsemi hér á landi
- Reglugerð nr. 983/2013 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefsetri
- Reglugerð nr. 472/2014 um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð
- Reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags)
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2003 um aðskilnað rekstur og vörslu og óhæði rekstrarfélaga verðbréfasjóða skv. 15. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði (nú 15. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði)
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2006 um afleiðunotkun verðbréfasjóða
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða

Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ásamt síðari breytingum

- Reglugerð nr. 233/2017 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja
- Reglur nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila
- Reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.
- Reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 670/2013
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002 um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2011 um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2007 um viðmiðunarreglur til að efla samræmi í aðferðum í eftirliti með fjármálafyrirtækjum.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2007 um viðmiðunarreglur vegna álagsprófa, samþjöppunar- og vaxtaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2010 um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

- Reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskipti fjármálafyrirtækja ásamt síðari breytingum
- Reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik ásamt síðari breytingum
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja
- Reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012
- Leiðbeinandi tilmæli um aðskilnað starfssvið nr. 4/2014.

Lög nr. 110/2007 um kauphallir

Lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa

- Reglugerð um rafræna eignaskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð nr. 397/2000

Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

- Reglugerð um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti nr. 175/2016 ásamt síðari breytingum
- Reglugerð um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 811/2008
- Leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 5/2014

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

- Reglugerð nr. 120/2000 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta ásamt síðari breytingum

Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

- Reglugerð um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi nr. 397/2010
- Reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt nr. 728/2014
- Reglugerð um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila nr. 562/2001 ásamt síðari breytingum
- Gagnsæisstefna Fjármálaeftirlitsins

Lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

- Gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins nr. 924/2017

II. Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í A hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Sjálfstæði rekstrarfélaga frá öðrum fjármálafyrirtækjum.
- Útvistun verkefna rekstrarfélags
- Hlutverk vörslufyrirtækis
- Fjárfestingarstefna og fjárfestingarheimildir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða
- Starfsleyfi, starfsheimildir og afturköllun starfsleyfis rekstrarfélaga
- Áhættustýring fjármálafyrirtækja
- Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur
- Stjórn og starfsmenn
- Laust fé og eigið fé
- Fjárfestavernd
- Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði
- Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
- Kauphallir og rafræn eignaskráning verðbréfa
- Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga
- Aðgerðir fjármálafyrirtækja til að koma í veg fyrir að fyrirtækið sé misnotað til peningaþvættis

- Eftirlitsheimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins
- Meginskyldur og ábyrgð framkvæmdastjóra
- Yfirlit yfir skýrsluskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða til Fjármálaeftirlitsins

B hluti: Reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði

Í B hluta er leitað eftir þekkingu viðmælanda á reikningsskilum og endurskoðun. Ætlast er til að viðmælandi þekki lög um ársreikninga og reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um störf endurskoðanda.

I. Eftirfarandi eru þau lög og reglur sem spurningar B hluta byggjast á.

- Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ásamt síðari breytingum
- Lög um endurskoðendur nr. 79/2008
- Lög um ársreikninga nr. 3/2006
- Reglur reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða nr. 97/2004, ásamt síðari breytingum
- Reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja nr. 532/2003
- Reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða nr. 1060/2015.

II. Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í B hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða
- Ársreikningar og endurskoðun fjármálafyrirtækja
- Áritun endurskoðanda
- Hæfisskilyrði endurskoðanda

C hluti: Almennir viðskiptalegir og stjórnunarlegir efnisþættir

Í C hluta reynir á sjálfstæði, dómgreind og viðhorf viðmælanda til almennra og persónulegra þátta. Viðmælandi má búast við að þurfa að taka afstöðu til raunhæfra dæma úr rekstri fjármálafyrirtækja og færa rök fyrir eigin hæfi.

Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í C hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Sérstaða rekstrarfélaga verðbréfasjóða
- Samfélagslegt hlutverk fjármálafyrirtækja
- Fjárstýring og eigna- og skuldastýring
- Ábyrgð stjórnar fjármálafyrirtækja
- Innri reglur félagsins
- Ráðstöfun fjármuna fjármálafyrirtækisins
- Framvinda og nýjungar á fjármálamarkaði
- Mikilsháttar og óvenjulegar ákvarðanir

Fjármálaeftirlitið bendir á að finna má framangreindar réttarheimildir eftir atvikum á www.fme.is, www.althingi.is, í Stjórnartíðindum og www.reglugerd.is.